

AUGLÝSING**um myntútgáfu.**

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðla-bankinn hinn 1. desember n. k. gefa út 50 króna málmpening með svofelldri gerð:

Peningurinn er 30 mm í þvermál og vegur 12.5 grömm. Hann er úr hreinu nikkeli. Á framhlið peningsins eru tölustafirnir 50 fyrir miðjum pening inni í hring og þar fyrir ofan „ÍSLAND“ en að neðan „KRÓNUR“.

Á bakhlið peningsins er mynd af Alþingishúsinu og ártalið „1968“ þar fyrir ofan, en fyrir neðan „1. DESEMBER 1968 FULLVELDI ÍSLANDS“ í þrem línum. Rönd peningsins er slétt.

Peningurinn er gefinn út til að minnast 50 ára fullveldis Íslands. Jafnhliða því að vera minnispeningur hefur hann fullt myntgildi og skal hann vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði.

Viðskiptaráðuneytið, 25. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 301.

15. nóvember 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 127 25. júlí 1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án öikumanns.

1. gr.

Í stað „21. árs“ í 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 85. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. nóvember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 302.

17. desember 1968.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 6, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Frá og með 1. janúar 1969 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 6, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.